



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

bygg@vestmannaeyjar.is  
Re: Fw: Eyjar, auglýst aðalskipul. tillaga til umsagnar - til Náttúrufræðistofnun Íslands  
Sent: 12.04.2018 09:47:52 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030001, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018030001

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Vestmannaeyjabæ, dags. 28. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að Aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035.

Náttúrufræðistofnun Íslands er lögbundinn umsagnaraðili skipulag skv. 68. gr. laga um náttúruvernd en þar segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“ Þar sem Náttúrufræðistofnun er ekki lögbundinn umsagnaraðili um aðalskipulag hefur stofnunin og löggjafinn ekki gert ráð fyrir mannafla hjá stofnuninni til að rýna tillögur sveitarfélaga að aðalskipulagi. Engu að síður vill stofnunin koma með nokkrar almennar athugasemdir og ábendingar við framangreinda tillögu, sérstaklega hvað varðar náttúruvar, en ekki hafi unnist tími til að skoða tillöguna eins ítarlega og æskilegt hefði verið.

Náttúrufræðistofnun hefur litið yfir greinargerð, umhverfisskýrslu og upprætti sértaklega m.t.t. náttúruvar. Almennt má segja að vel sé greint frá öllum helstu þáttum skipulagsins og farið yfir helstu þætti náttúruvars svo vel má greina hvað það er sem hugsanlega verður fyrir áhrifum. Vel er greint frá hverfisverndarsvæðum og fyrirhuguðum friðlýsingum á úteyjum og svæðum í Heimaey og í skipulaginu í heild vel gert grein fyrir náttúruvernd og ástæðum hennar. Náttúrufræðistofnun saknar hins vegar að ekki sé gengið lengra með vernd á ströndinni almennt og þá ekki eingöngu vegna fuglalífs heldur t.d. vegna landslags/jarðfræði, sbr. fyrri athugasemdir stofnunarinnar við skipulagið á vinnslustigi. Náttúrufræðistofnun hvetur Vestmannaeyjabæ til að ganga frá lögformlegri vernd úteyja og hluta af Heimaey sem fyrst enda það áriðandi ef horft er til framtíðar bæði út frá náttúruvarlegum og menningarlegum sjónarmiðum..

Stærstu fyrirhuguðu eða stefnumarkandi breytingar í skipulaginu eru líklega stórskipahöfn fyrir flutningaskip og skemmtiferðaskip og svo nýtt svæði við miðbæinn þar sem ráðgert er að fara inn á nýja hraunið. Stórskipahöfn mun breyta verulega landslagi í og við höfnina og trúlega mun álag vegna ferðamanna almennt í eyjunni aukast sbr. t.d. umfjöllun í greinargerði skipulagsins um þölmörk Vestmannaeyjar sem ferðamannastaðar. Auknum ferðamannstraumi geta auðvitað fylgt ýmis tækifæri en að sama skapi getur álag á náttúru eyjanna og mannlíf aukist verulega og þarf því að huga strax að því ef af höfninni verður. Hvað þolir Heimaey og úteyjarnar hvað þetta varðar?

Í töflu á bls. 14 (samantekt fyrir stórskipahöfn almennt) segir um áhrif á náttúru: „+/- Engin eða lítil áhrif á svæði í friðlýsingarferli og svæði á náttúruvinnslu. Áhrif á lífríki á landi eru líkleg til að vera óveruleg en áhrif á lífríki í sjó eru háð óvissu.“ Hér er auðvitað um stutt yfirlit að ræða en ekki er t.d. minnst á landslag og þá breytingu sem verður á Heimaey hvað það snertir þó um það sé fjallað í matinu og ásynd sérstaklega metin. Einnig segir að höfnin hafi ekki áhrif á svæði í friðlýsingarferli en það er varla óeðlilegt ef svæði er tekið úr friðlýsingarferli áður en áhrif eru metin sbr. t.d. bls. 13. Ekki kemur fram hvernig önnur áhrif á náttúru eru metin t.d. aukið álag og truflun almennt. Hafnarframkvæmdir af þessari stærðargráður eru matsskyldar sbr. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og mun því væntanlega verða fjallað um stórskipahöfn og áhrif hennar nánar í skipulagi þegar að því kemur og þá samhliða mati á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun telur því rétt að koma að athugasemdum á því stigi ef ástæða þykir til.

Nýtt svæði í miðbænum þar sem farið verður inn á hraunið verður væntanlega fjallað betur um í deiliskipulagi og verður þá tekin afstaða til svæðisins á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd þar sem segir m.a. að: „Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til.“

Að mati Náttúrufræðistofnunar er skipulagstillagan almennt vel sett fram þannig að íbúum og öðrum

hagsmunaaðilum á að vera auðvelt að meta og taka afstöðu til þeirra breytinga sem eru lagðar til. Að mati stofnunarinnar hefði mátt máta einstaka þætti skipulagsins betur beint við verndarmarkmið einstakra greina í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sem bent var á í umsögn stofnunarinnar við skipulagið á vinnslustigi, og þá sérstaklega 2. (lífríki) og 3. gr. (jarðminjar og landslag o.fl.) laganna.

Virðingarfyllt,



Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS

Dags: 28.02.2018 15:38:28

Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS

Efni: Fw: Eyjar, auglýst aðalskipul.tillaga til umsagnar - til Náttúrufræðistofnun Íslands

---

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 28.02.2018 15:38 -----

From: Sigurður Smári Benónýsson <bygg@vestmannaeyjar.is>

To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>

Date: 28.02.2018 15:35

Subject: Eyjar, auglýst aðalskipul.tillaga til umsagnar - til Náttúrufræðistofnun Íslands

---

## Ósk um umsögn við AÐALSKIPULAG VESTMANNAEYJABÆJAR 2015-2035

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur samþykkt að auglýsa tillögu að aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar skv. 31. gr. laga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006. Nýtt aðalskipulag tekur til tímabilsins 2015-2035 og er endurskoðun á aðalskipulagi fyrir tímabilið 2002-2014. Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð.

Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035 tekur við af Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014. Í nýja aðalskipulaginu kemur fram stefna bæjarins um samfélagið, atvinnulíf, náttúru og grunnkerfi bæjarins. Í aðalskipulaginu er líka sett fram rammaskipulag um ferðapjónustu.

Á eftirfarandi slóð gefur að finna gögn tillögunar; greinargerð, umhverfisskýrslu, þéttbýlisuppdrátt og sveitarfélagsuppdrátt og allar frekari upplýsingar um verkefnið <http://vestmannaeyjar.is/is/page/skipulagsmal>

Óskað er eftir að umsögn Náttúrufræðist. Íslands berist í síðasta lagi 11. apríl 2018. n.k. á netfang skipulagsfulltúra [bygg@vestmannaeyjar.is](mailto:bygg@vestmannaeyjar.is) eða bréflega til umhverfis-og framkvæmdasviðis Skildingavegi 5, 900 Vestmannaeyjum.

kv.

Sigurður Smári Benónýsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
[bygg@vestmannaeyjar.is](mailto:bygg@vestmannaeyjar.is)

**Vestmannaeyjabær.**

Umhverfis-og framkvæmdasvið.

Skildingavegi 5.

+354 4882530

+354 8965034

[www.vestmannaeyjar.is](http://www.vestmannaeyjar.is)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við yður að fara eftir 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 (<http://www.althingi.is/altext/stjt/1999.107.html>) og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist yður.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.